

23. febrúar 2011
SI-70940

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum (gegnsæ hlutafélög), 139. löggjafarþing, 176. mál.

Með tölvupósti dags. 3. febrúar sl., óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur m.a. fram, að því sé ætlað að endurreisa traust á hlutafélögum með því að koma í veg fyrir og uppræta veilu í hlutafélagiforminu, koma algerlega í veg fyrir að fé renni viðstöðulítið í hringi og skekki eignarhald, sýni eigið fé sem ekki er til staðar og hagnað, sem ekki er raunhæfur, tryggja að eignarhald á hlutafélögum verði gegnsætt og uppi á borðum, og að stórauka ábyrgð stjórnarmanna og endurskoðenda og þyngja refsingar til muna.

Markmið frumvarpsins er góðra gjalda vert. Seðlabanki Íslands hefur hins vegar ekki haft tök á að meta eins vel og þyrfti hvort sú leið sem valin er sé heppileg og gerir því ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Sigfús Gauti Þórðarson
staðgengill aðallögfræðings